

Frumvarp til laga

um

framlenging á gildi laga nr. 30 22. okt. 1912, og laga nr. 44 2. nóv. 1914
og laga nr. 45 s. d.

(Lagt fyrir alþingi 1915).

1. gr.

Lög nr. 30 22. okt. 1912 um vörutoll, ásamt lögum nr. 44 og nr. 45
frá 2. nóv. 1914 (sbr. lög nr. 43, s. d.), skulu vera í gildi fyrst um sinn til
ársloka 1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1916.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 30 22. okt 1912 um vörutoll, eiga lög þau að eins að gilda til loka yfirstandandi árs. Enda þótt margt hafi verið að lögum þessum fundið, sýnist ekki verða hjá því komist nú að framlengja gildi þeirra fyrst um sinn. Sakir þess hve tíminn var naumur orðinn, er núverandi stjórn tók við, hefir hún eigi komið því við að athuga lögín og gera tillögur til endurbóta á þeim. Með því að vænta má, að þinginu sýnist rjett, að gangskör verði sem fyrst gerð að því að koma skatta- og tollmálum landsins í betra horf, þykir eigi rjett að fara fram á það, að gildi tjeðra laga verði framlengt lengur en yfir næsta fjárhagstímabil, eða til ársloka 1917.
